

## Ungmennaráð Hafnarfjarðar mótmælir hækkun á verði ungmennakorta í gjaldskrá Strætó

Í vikunni tók gildi ný verðskrá Strætó þar sem ungmennakort hækkðu úr 25.000 kr. í 40.000 kr. Ungmennaráð Hafnarfjarðar bendir á að margt ungt fólk treystir á þjónustu Strætó til að komast til og frá skóla og vinnu. Ungmennaráð Hafnarfjarðar hefur talað fyrir því að þjónusta Strætó verði gjaldfrjáls fyrir börn og ungmenni, enda teljum við það mikilvægt til þess að hvetja ungt fólk til að nota Strætó. Hækkun gjaldskrár mun hafa þveröfug áhrif og hvetja ungt fólk og fjölskyldur þeirra til að velja frekar einkabílinn með tilheyrandi mengun og og neikvæð áhrif á loftslag jarðar.

Ungmennaráð hvetur stjórn Strætó til að endurskoða ákvörðunina og óskar einnig eftir rökstuðningi á henni frá fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar í stjórn Strætó.

Ungmennaráð Hafnarfjarðar

Hafnarfirði, 16. nóvember 2021.